

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1148**

**frá 6. júlí 2016**

**varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Net- og upplýsingakerfi og net- upplýsingaþjónusta gegna afar mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Áreiðanleiki og öryggi þeirra skiptir sköpum fyrir efnahagslega og samfélagslega starfsemi, einkum fyrir starfsemi innri markaðarins.
- 2) Umfang, tíðni og áhrif öryggisatvika fara vaxandi og hafa í för með sér mikla ógn gagnvart starfsemi net- og upplýsingakerfa. Skaðlegum aðgerðum, gerðum af ásetningu, getur einnig verið beint að þessum kerfum og ætlað að valda skaða eða truflun á rekstri kerfanna. Slík atvik geta hamlað atvinnustarfsemi, valdið verulegu fjárhagstjóni, grafið undan trausti notenda og valdið miklu tjóni á efnahag Sambandsins.
- 3) Net- og upplýsingakerfi, einkum Netið, gegna mikilvægu hlutverki í að greiða fyrir vöru-, þjónustu- og fólksflutningum yfir landamæri. Vegna fjölbjóðlegs eðlis þeirra geta verulegar truflanir á þessum kerfum, hvort sem af ásetningu eða án ásetnings og óháð hvar þær eiga sér stað, haft áhrif á einstök aðildarríki og á Sambandið í heild sinni. Öryggi net- og upplýsingakerfa er þess vegna nauðsynlegt fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins.
- 4) Til að byggja á þeim verulega árangri sem náðst hefur innan evrópsks samstarfsvettvangs aðildarríkja í að yta undir umræðu og samskipti varðandi góðar starfsvenjur við mótun reglna, þ.m.t. þróun meginreglna fyrir evrópskt samstarf gegn netvá, ætti að stofna samstarfshóp sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins (ENISA) til að styðja og greiða fyrir stefnumótandi samstarfi milli aðildarríkjanna varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa. Til þess að sá hópur geti verið skilvirkur og tekið til allra er brynt að öll aðildarríkin hafi lágmarksgetu og stefnuáætlun sem tryggir hátt öryggisstig í net- og upplýsingakerfum á yfirráðasvæði

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 133.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 17. maí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 6. júlí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

þeirra. Til viðbótar ættu öryggiskröfur og tilkynningarskylda að gilda um rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og einnig um veitendur stafrænnar þjónustu til að stuðla að áhættustýringarmenningu og tryggja að tilkynnt sé um alvarlegustu atvikin.

- 5) Fyrirliggjandi geta nægir ekki til að tryggja hátt öryggisstig í net- og upplýsingakerfum innan Sambandsins. Viðbúnaðarstig eru afar ólík eftir aðildarríkjum sem hefur leitt til sundurleitra aðferða í öllu Sambandinu. Þetta leiðir til ójafns verndarstigs neytenda og fyrirtækja og grefur undan almennu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum innan Sambandsins. Skortur á sameiginlegum kröfum til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu gerir aftur á móti ómögulegt að setja upp skilvirkt heildarfyrirkomulag fyrir samstarf á vettvangi Sambandsins. Háskólar og rannsóknarmiðstöðvar gegna lykilhlutverki í að örva rannsóknir, þróun og nýsköpun á þessum sviðum.
- 6) Til að bregðast af skilvirkni við áskorunum tengdum öryggi net- og upplýsingakerfa þarf því heildstæða nálgun á vettvangi Sambandsins sem nær til sameiginlegra lágmarkskrafna um uppbyggingu á getu og áætlanagerðar, upplýsingaskipta, samvinnu og almennra öryggiskrafna til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu. Þetta útilokar hins vegar ekki að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu komi á strangari öryggisráðstöfunum en þeim sem kveðið er á um samkvæmt þessari tilskipun.
- 7) Þessi tilskipun ætti að gilda um bæði rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu, svo að hún nái yfir öll viðeigandi atvik og áhættu. Skyldur rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu ættu hins vegar ekki að gilda um fyrirtæki sem bjóða fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB <sup>(3)</sup> og falla undir sérstakar kröfur um öryggi og heildstæði sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, og þær ættu heldur ekki að gilda um veitendur traustþjónustu í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 <sup>(4)</sup> sem falla undir öryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 8) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á möguleika hvers aðildarríkis að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd mikilvægra öryggishagsmuna sinna, til að vernda allsherjarreglu og almannaöryggi og til að rannsaka, koma upp um og saksækja fyrir refsiverð brot. Í samræmi við 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er engu aðildarríki skylt að veita upplýsingar ef það telur það andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum. Í þessu samhengi skipta máli ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB <sup>(5)</sup> og samningar um að afhenda ekki upplýsingar og þá einnig óformlegir samningar um að afhenda ekki upplýsingar á borð við TLP-samskiptareglurnar (e. *Traffic Light Protocol*).
- 9) Tilteknir geirar atvinnulífsins heyrja þegar undir eða kynnu í framtíðinni að heyrja undir réttargerðir Sambandsins fyrir tiltekna geira sem innihalda reglur sem tengjast öryggi net- og upplýsingakerfa. Ef þessar réttargerðir Sambandsins innihalda ákvæði sem setja kröfur varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa eða tilkynningar um atvik ættu þessar réttargerðir að gilda ef þær innihalda kröfur sem hafa a.m.k. jafngild áhrif og þær skyldur sem þessi tilskipun inniheldur. Aðildarríki ættu þá að beita ákvæðum slíkra réttargerða Sambandsins fyrir tiltekna geira, þ.m.t. þeim sem varða lögsögu, og ættu ekki að framkvæma auðkenningarferlið fyrir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu í skilningi þessarar tilskipunar. Í þessu samhengi ættu aðildarríki að veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um beitingu slíkra ákvæða í sérlægum. Þegar ákvarðað er hvort kröfurnar um öryggi net- og upplýsingakerfa og tilkynningar um atvik sem er að finna í réttargerðum Sambandsins fyrir tiltekna geira séu jafngildar þeim sem þessi tilskipun inniheldur, ætti einungis að taka tillit til ákvæða í viðkomandi réttargerðum Sambandsins og beitingu þeirra í aðildarríkjunum.
- 10) Öryggiskröfur á sviði flutninga á sjó og vatnaleiðum á fyrirtæki, skip, hafnaraðstöður, hafnir og skipaumferðarþjónustu sem falla undir réttargerðir Sambandsins ná yfir alla starfsemi, þ.m.t. fjarskipta-, tölvu- og -netkerfi. Hluti skyldubundna verklagsins sem fylgja ber felur í sér skýrslugjöf um öll atvik og ætti þess vegna að teljast vera sérlæg, svo fremi sem kröfurnar séu a.m.k. jafngildar samsvarandi ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 11) Þegar rekstraraðilar á sviði flutninga á sjó og vatnaleiðum eru auðkenndir, ættu aðildarríki að taka tillit til núverandi og síðari alþjóðakóða og viðmiðunarreglna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin þróaði sérstaklega í því skyni að sjá einstökum rekstraraðilum á sjó fyrir samræmdri nálgun.
- 12) Reglusetning og eftirlit með bankageiranum og innviðum fjármálamarkaða er mjög samræmt á vettvangi Sambandsins með

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtuð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtuð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB frá 23. september 2013 um öryggisreglur til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins (Stjtuð. ESB L 274, 15.10.2013, bls. 1).

beitingu frumlöggjafar og afleiddrar löggjafar Sambandsins og stöðlum þróuðum ásamt evrópskum eftirlitsstofnunum. Samræmda eftirlitsráðstöfunin tryggir beitingu á og eftirlit með þessum kröfum innan bankasambandsins. Viðkomandi eftirlitsaðilar banka í aðildarríkjum tryggja þetta fyrir aðildarríki sem eru ekki hluti af bankasambandinu. Á öðrum sviðum er varða reglusetningu fyrir fjármálageirann tryggir Evrópska fjármálaeftirlitskerfið einnig víðtækt samræmi og samleitni í eftirlitsframkvæmdum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gegnir einnig beinu eftirlitshlutverki fyrir ákveðna aðila, þ.e. lánsþæfismatsfyrirtæki og afleiðuviðskiptaskrár.

- 13) Rekstraráhætta skiptir höfuðmáli fyrir varfærnisreglur og eftirlit með bankageiranum og innviðum fjármálamarkaða. Hún nær yfir allan rekstur þ.m.t. öryggi, réttleika og viðnámsþrótt net- og upplýsingakerfa. Kröfurnar sem varða þessi kerfi, sem oft á tíðum eru meiri en þær kröfur sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru settar fram í nokkrum réttargerðum Sambandsins, þ.m.t.: reglum um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum og reglum um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki, sem taka til krafna varðandi rekstraráhættu, reglum um markaði fyrir fjármálagerninga, sem taka til krafna varðandi áhættumat fyrir fjármálagerninga og fyrir skipulagða verðbréfamarkaði, reglum um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sem taka til krafna varðandi rekstraráhættu fyrir miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, og reglum um bætt verðbréfauppgjör í Sambandinu og um verðbréfamiðstöðvar sem taka til krafna varðandi rekstraráhættu. Kröfur um tilkynningar um atvik eru enn fremur hluti af viðtekinni eftirlitsvenju innan fjármálageirans og eru oft meðtaldar í eftirlitshandbókum. Aðildarríki ættu að taka tillit til þessara reglna og krafna þegar þau beita sérlögum.
- 14) Eins og Seðlabanki Evrópu tók fram í álitinu sínu frá 25. júlí 2014 <sup>(6)</sup>, hefur þessi tilskipun ekki áhrif á fyrirkomulagið í lögum Sambandsins um eftirlit evrukerfisins með greiðsluuppgjörskerfum. Rétt væri að þau yfirvöld sem bera ábyrgð á slíku eftirliti skiptust á reynslu sinni af málefnum sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa við lögbær yfirvöld samkvæmt þessari tilskipun. Hið sama á við um aðila að seðlabankakerfi Evrópu utan evrusvæðisins sem fara með slíkt eftirlit með greiðsluuppgjörskerfum á grundvelli landsbundinna laga og reglna.
- 15) Netmarkaður gerir neytendum og seljendum kleift að gera sölu- eða þjónustusamninga við aðra seljendur og er lokaákvörðunarstaðurinn fyrir gerð slíkra samninga. Hann ætti ekki að taka til nettengdrar þjónustu sem gegnir aðeins hlutverki milliliðar fyrir þjónustu þriðju aðila þar sem að endingu er gengið frá samningum. Hann ætti þess vegna ekki að taka til nettengdrar þjónustu sem ber saman verðið á tilteknum vörum eða þjónustu frá mismunandi seljendum, og beinir síðan notendum að kaupa vöruna hjá ákjósanlegum seljanda. Þjónusta á sviði gagna meðferðar sem netmarkaðurinn veitir getur falið í sér vinnslu færslna, samansöfnun gagna eða gerð persónusniðs fyrir notendur. Verslanir fyrir hugbúnað, sem starfa sem netverslanir sem gera mögulegt að dreifa stafrænt hugbúnaði eða hugbúnaðarforritum frá þriðju aðilum, ber að skilja sem tegund netmarkaðar.
- 16) Leitarvél á Netinu gerir notanda kleift að framkvæma leit, að meginreglu til, á öllum vefsetrum á grundvelli fyrirspurnar um hvers kyns viðfangsefni. Einnig getur henni verið beint að vefsíðum á tilteknu tungumáli. Skilgreiningin á leitarvél á Netinu sem sett er fram í þessari tilskipun ætti ekki að ná yfir leitaráðgerðir sem takmarkast við innihald tiltekinnar vefsíðu, án tillits til þess hvort það er ytri leitarvél sem býður upp á leitaráðgerðina. Hún ætti ekki heldur að taka til nettengdrar þjónustu sem ber saman verðið á tilteknum vörum eða þjónustu frá mismunandi seljendum, og beinir síðan notendum að kaupa vöruna hjá ákjósanlegum seljanda.
- 17) Skýjavinnsluþjónusta nær yfir víðtæka starfsemi sem hægt er að bjóða samkvæmt mismunandi fyrirmyndum. Að því er þessa tilskipun varðar nær heitið „skýjavinnsluþjónusta“ yfir þjónustu sem leyfir aðgang að skalanlegum og teygjanlegum brunni samnýtanlegra tilfanga til tölvuvinnslu. Þessi tilföng til tölvuvinnslu taka til tilfanga á borð við netkerfi, netþjóna eða annars konar grunnvirki, geymslu, hugbúnað og þjónustu. Hugtakið „skalanlegur“ á við um þau tilföng til tölvuvinnslu sem veitandi skýjaþjónustu úthlutar á sveigjanlegan hátt, án tillits til landfræðilegrar staðsetningar tilfanganna, til að ráða við sveiflur í eftirspurn. Hugtakið „teygjanlegur brunnur“ á við um þá tölvunargetu sem er úthlutað og afhent í samræmi við eftirspurn til að auka og minnka á skjótan hátt tiltæka getu með hliðsjón af vinnuálagi. Hugtakið „deilanlegt“ á við um þau tilföng til tölvuvinnslu sem veitt eru mörgum notendum sem deila sameiginlegum aðgangi að þjónustunni, en þar sem vinnslan fer fram fyrir hvern notanda fyrir sig, þó svo að sami rafræni búnaðurinn útvegi þjónustuna.
- 18) Hlutverk tengi- og skiptipunkts (IXP) er að samtengja netkerfi. Tengi- og skiptipunktur veitir ekki aðgang að netkerfum og starfar ekki sem veitandi eða rekandi gegnumferðar. Tengi- og skiptipunktur veitir ekki heldur aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu, en þetta útilokar þó ekki að rekstraraðili tengi- og skiptipunkts veiti ótengda þjónustu. Tilgangur tengi- og skiptipunkts er samtenging netkerfa sem eru aðskilin tæknilega og með tilliti til skipulags. Hugtakið „sjálfstýrt kerfi“ á við um

<sup>(6)</sup> Stjóð. ESB C 352, 7.10.2014, bls. 4.

netkerfi sem er tæknilega sjálfstætt.

- 19) Aðildarríki ættu að vera ábyrg fyrir ákvörðuninni um hvaða aðilar uppfylla viðmiðanir fyrir skilgreininguna á rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Í því skyni að tryggja samræmda nálgun ætti að beita skilgreiningunni á rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjum. Í þessu skyni kveður þessi tilskipun á um úttekt á aðilum sem starfa í tilteknum geirum og undirgeirum, gerð skrár yfir nauðsynlega þjónustu, að höfð sé hliðsjón af sameiginlegum lista yfir þætti sem liggja þvert á atvinnugreinar til að ákvarða hvort möguleg atvik myndu hafa veruleg skerðandi áhrif, samráðsferli sem tekur til viðkomandi aðildarríkja ef um er að ræða aðila sem veita þjónustu í fleiri en einu aðildarríki, og stuðning samstarfshópsins í auðkenningarferlinu. Til að tryggja að hugsanlegar breytingar á markaðnum endurspeglar nákvæmlega ættu aðildarríki að endurskoða reglulega og ef nauðsyn krefur uppfæra skrána yfir auðkennda rekstraraðila. Loks ættu aðildarríki að leggja fyrir framkvæmdastjórnina þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta að hvaða marki þessi sameiginlega aðferðafræði hefur gert aðildarríkjum kleift að beita skilgreiningunni á samræmdan hátt.
- 20) Við auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu ættu aðildarríki að meta, a.m.k. fyrir hvern þann undirgeira sem getið er um í þessari tilskipun, hvaða þjónustu verður að telja nauðsynlega svo viðhalda megi mikilvægri samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi og hvort aðilarnir sem skráðir eru í geirunum og undirgeirunum sem um getur í þessari tilskipun og veita þessa þjónustu uppfylli viðmiðin fyrir auðkenningu rekstraraðila. Við mat á því hvort að aðili veitir þjónustu sem er nauðsynleg til viðhalds mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi nægir að kanna hvort aðilinn veiti þjónustu sem er á skránni yfir nauðsynlega þjónustu. Enn fremur ætti að sýna fram á að veiting mikilvægu þjónustunnar sé háð net- og upplýsingakerfum. Loks þegar metið er hvort að atvik myndi hafa veruleg skerðandi áhrif á veitingu þjónustunnar ættu aðildarríki að taka tillit til fjölda þátta sem liggja þvert á atvinnugreinar ásamt, eftir því sem við á, geirabundnum þáttum.
- 21) Með starfsstöð í aðildarríki er átt við, að því er varðar auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, virka og raunverulega starfsemi með föstu fyrirkomulagi. Lögakveðið rekstrarform slíks fyrirkomulags, hvort sem um er að ræða útibú eða dótturfélag með réttarstöðu lögaðila eða ekki, ræður ekki úrslitum að því er þetta varðar.
- 22) Mögulegt er að aðilar sem starfa innan geirans og undirgeirans sem um getur í þessari tilskipun veiti bæði nauðsynlega þjónustu og þjónustu sem ekki telst nauðsynleg. Á sviði flutninga í lofti t.d. veita flugvellir þjónustu sem að aðildarríki gæti talið vera nauðsynlega, s.s. rekstur flugbrauta, en einnig ýmsa þjónustu sem telst ekki nauðsynleg, s.s. að bjóða upp á verslunarsvæði. Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu ættu einungis að falla undir sérstakar öryggiskröfur að því er varðar þjónustu sem telst vera nauðsynleg. Í þeim tilgangi að auðkenna rekstraraðila ættu aðildarríki þess vegna að taka saman skrá yfir þá þjónustu sem telst vera nauðsynleg.
- 23) Skráin yfir þjónustu ætti að innihalda alla þjónustu sem veitt er á yfirráðasvæði tiltekins aðildarríkis sem uppfyllir kröfurnar samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki ættu að geta bætt við fyrirliggjandi lista með því að skrá nýjar tegundir þjónustu. Skráin yfir þjónustu ætti að vera viðmiðunarpunktur fyrir aðildarríki til að greiða fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Tilgangur skrárinnar er að auðkenna tegundir nauðsynlegrar þjónustu í tilteknum geira sem um getur í þessari tilskipun og þannig aðgreina hana frá starfsemi sem er ekki nauðsynleg en aðili sem virkur er í tilteknum geira gæti borið ábyrgð á. Skráin yfir þjónustu sem sérhvert aðildarríki kemur á fót myndi birtast sem þáttur í mati á eftirlitsvenjum hvers aðildarríkis með það í huga að tryggja almennt samræmistig í auðkenningarferlinu meðal aðildarríkja.
- 24) Að því er varðar auðkenningarferlið, þegar aðili veitir nauðsynlega þjónustu í tveimur eða fleiri aðildarríkjum ættu þau aðildarríki að efna til tvíhliða eða marghliða viðræðna sín á milli. Samráðsferlinu er ætlað að aðstoða þau í matinu á mikilvægi rekstraraðilans með tilliti til áhrifa yfir landamæri og leyfa þannig hverju hlutaðeigandi aðildarríki að gera grein fyrir álitu sínu á þeim áhættum sem varða þjónustuna sem veitt er. Hlutaðeigandi aðildarríki ættu að taka tillit til sjónarmiða hvers annars í þessu ferli og ættu að geta óskað eftir aðstoð frá samstarfshópnum hvað þetta varðar.
- 25) Vegna auðkenningarferlisins ættu aðildarríki að samþykka landsráðstafanir til að ákvarða hvaða aðilar falla undir skyldur sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa. Þessari niðurstöðu má ná fram með því að samþykka skrá sem telur upp alla rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu eða með því að samþykka landsráðstafanir sem fela í sér hlutlæg og mælanleg viðmið, t.d. framleiðni rekstraraðila eða fjölda notenda, sem gera það kleift að ákvarða hvaða aðilar falla undir skyldur sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa. Landsráðstafanirnar, hvort sem þær eru þegar til staðar eða eru samþykktar í tengslum við þessa tilskipun, ættu að taka til allra lagalegra ráðstafana, stjórnsýsluráðstafana og stefnumála sem greiða fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu samkvæmt þessari tilskipun.

- 26) Til þess að gefa til kynna mikilvægi auðkenndra rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, í tengslum við geirann sem um ræðir, ættu aðildarríki að taka tillit til fjölda og stærðar þessara rekstraraðila, til dæmis með tilliti til markaðshlutdeildar eða magnsins sem framleitt er eða er flutt, án þess að vera skyldug til að gefa upplýsingar sem myndu leiða í ljós hvaða rekstraraðilar hafa verið auðkenndir.
- 27) Til þess að ákvarða hvort að atvik myndi hafa veruleg skerðandi áhrif á veitingu nauðsynlegrar þjónustu ættu aðildarríki að taka tillit til ýmissa mismunandi þátta, t.d. fjölda þeirra notenda sem reiða sig á þjónustuna í persónulegum eða faglegum tilgangi. Notkun þeirrar þjónustu getur verið bein, óbein eða með milligöngu. Þegar mat er lagt á þau áhrif sem atvik gæti haft, með tilliti til umfangs þess og hve lengi það varir, á efnahagslega og samfélagslega starfsemi eða almannaöryggi ættu aðildarríki einnig að meta þann tíma sem líklega myndi líða áður en rofið byrjar að hafa neikvæð áhrif.
- 28) Til viðbótar við þá þætti sem liggja þvert á atvinnugreinar ætti einnig að taka tillit til sérstakra aðstæðna innan tiltekinnna geira til þess að ákvarða hvort að atvik myndi hafa veruleg skerðandi áhrif á veitingu nauðsynlegrar þjónustu. Að því er varðar orkubirgja gætu slíkir þættir tekið til magns eða hlutfalls framleidds afls á landsvísu, fyrir olúframleiðendur væri það daglegt magn, fyrir flutninga í lofti, þ.m.t. flugvelli og flugrekendur, járnbrautarflutninga og hafnir við sjó væri það hlutfall magns landsbundinnar umferðar og fjöldi farþega eða farmflutninga á ári, fyrir innviði banka- eða fjármálamarkaða væri kerfislægt mikilvægi þeirra byggt á heildareignum eða hlutfalli þessara heildareigna miðað við landsframleiðslu, fyrir heilbrigðisgeirann væri það fjöldi sjúklunga undir umsjá veitandans á ári, fyrir vatnsframleiðslu, vinnslu og meðferð þess væri það magn og fjöldi og tegund notenda, þ.m.t. til dæmis sjúkrahús, stofnanir í opinberri þjónustu eða einstaklingar og hvort aðrar vatnslindir sé til staðar sem ná yfir sama landsvæðið.
- 29) Til þess að ná og viðhalda háu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum ætti hvert aðildarríki að hafa landsbundna stefnuáætlun varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa sem skilgreinir stefnumarkmið og raunhæfar stefnumótandi aðgerðir sem á að framkvæma.
- 30) Í ljósi þess mismunar sem er á landsbundnum eftirlits- og stjórnunarkerfum og til að vernda geiratengt fyrirkomulag sem er þegar fyrir hendi eða eftirlitsaðila Sambandsins og til að forðast tvíverknað ættu aðildarríki að geta tilnefnt fleiri en eitt landsbundið lögbært yfirvald til að bera ábyrgð á þeim verkefnum sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu samkvæmt þessari tilskipun.
- 31) Til að stuðla að samstarfi og samskiptum yfir landamæri og til að gera því kleift að innleiða þessa tilskipun með skilvirkum hætti er nauðsynlegt að hvert aðildarríki, með fyrirvara um geirabundið eftirlitsfyrirkomulag, tilnefni sameiginlegan landsbundinn tengilið sem bæri ábyrgð á samræmingu málefna sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa og samstarfi yfir landamæri á vettvangi Sambandsins. Lögbær yfirvöld og sameiginlegir tengiliðir ættu að hafa fullnægjandi tæknileg og fjárhagsleg úrræði og mannaúð til að tryggja að þau geti annast þau verkefni sem þeim eru falin á árangursríkan og skilvirkan hátt og þannig náð markmiðum þessarar tilskipunar. Þar sem þessi tilskipun miðar að því að bæta starfsemi innri markaðarins með því að skapa traust og tiltrú þurfa stofnanir aðildarríkja að geta átt árangursríkt samstarf við rekstraraðila og vera skipulagðar til samræmis við það.
- 32) Lögbær yfirvöld eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi (e. CSIRTs) ættu að fá tilkynningar um atvik. Sameiginlegu tengiliðirnir ættu ekki að fá með beinum hætti neinar tilkynningar um atvik nema þeir starfi einnig sem lögbært yfirvald eða sem viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi. Lögbært yfirvald eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi ættu hins vegar að geta fengið sameiginlega tengiliðinn til að senda tilkynningar um atvik til sameiginlegra tengiliða annarra aðildarríkja þar sem áhrifa gætir.
- 33) Til að tryggja skilvirka tilhögun upplýsingamiðlunar til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar ætti sameiginlegi tengiliðurinn að leggja yfirlitsskýrslu fyrir samstarfshópin og ætti skýrslan að vera nafnlaus til þess að varðveita trúnaðarskyldu tilkynninganna og auðkenni rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu þar sem upplýsinga um auðkenni þeirra aðila sem senda tilkynninguna er ekki krafist fyrir miðlun bestu starfsvenja innan samstarfshópsins. Yfirlitsskýrslan ætti að innihalda upplýsingar um þann fjölda tilkynninga sem borist hafa ásamt upplýsingum um eðli tilkynnta atvika, s.s. tegund öryggisbrota, alvarleika og tímallengd þeirra.
- 34) Aðildarríki ættu að hafa fullnægjandi búnað, með tilliti til bæði tæknilegrar og skipulagslegrar getu, til að koma í veg fyrir, koma upp um, bregðast við og lágmarka atvik og áhættur í net- og upplýsingakerfum. Aðildarríki ættu þess vegna að tryggja að þau hafi vel starfhæft viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi, einnig þekkt sem viðbragðsteymi vegna neyðaratvika er

varða netöryggi (CERT), sem uppfyllir grunnkröfur til að tryggja að skilvirk og samrýmanleg geta sé til staðar til að fást við atvik og áhættu og tryggja skilvirka samvinnu á vettvangi Sambandsins. Til þess að allar tegundir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu njóti góðs af slíkri getu og samstarfi ættu aðildarríki að tryggja að allar tegundir falli undir þar til bært viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi. Að gefnu mikilvægi alþjóðlegs samstarfs varðandi öryggi á Netinu ættu viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi að geta tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsnetum til viðbótar við net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi sem komið er á í þessari tilskipun.

- 35) Samvinna milli einkaaðila og opinberra aðila er nauðsynleg þar sem flest net- og upplýsingakerfi eru í einkaeigu. Hvetja ætti rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu til að stefna að sínu eigin óformlega samstarfsfyrirkomulagi til að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa. Samstarfshópurinn ætti að geta boðið viðkomandi hagsmunaaðilum til viðræðnanna eftir því sem við á. Til þess að hvetja með árangursríkum hætti til miðlunar upplýsinga og bestu starfsvenja er nauðsynlegt að tryggja að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu sem taka þátt í slíkum skiptum verði ekki verr settir vegna slíks samstarfs.
- 36) Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins ætti að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina með því að leggja til sérþekkingu og veita ráðgjöf og með því að greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að hafa, og aðildarríkin að geta haft, samráð við Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins við beitingu þessarar tilskipunar. Til þess að byggja upp færni og þekkingu meðal aðildarríkja ætti samstarfshópurinn einnig að þjóna sem leið til miðlunar bestu starfsvenja, til umræðu um getu og viðbúnað aðildarríkjanna og, óski þeir eftir því, til að aðstoða meðlimi sína við mat á landsbundnum áætlunum um öryggi net- og upplýsingakerfa, við uppbyggingu getu og mat á framkvæmdum sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa.
- 37) Eftir því sem við á ættu aðildarríki að geta notað eða aðlagð fyrirbyggjandi stjórnskipulag eða stefnuáætlanir við beitingu þessarar tilskipunar.
- 38) Verkefni samstarfshópsins annars vegar og Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins hins vegar eru háð innbyrðis og koma hvert öðru til fyllingar. Almenn ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins að aðstoða samstarfshópinn við framkvæmd verkefna sinna í samræmi við markmið Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013 <sup>(7)</sup>, þ.e. til að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin við að framfylgja nauðsynlegum stefnum til að uppfylla kröfur laga og reglna um öryggi net- og upplýsingakerfa samkvæmt núverandi og síðari lagagæringum Sambandsins. Einkum ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins að veita aðstoð á þeim sviðum sem samsvara hennar eigin verkefnum eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 526/2013, þ.e. að greina öryggisáætlanir net- og upplýsingakerfa, að styðja skipulagningu og framkvæmd æfinga á sviði öryggis net- og upplýsingakerfa og miðlun upplýsinga og bestu starfsvenja til að stuðla að vitundarvakningu og við þjálfun. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins ætti einnig að taka þátt í þróun geirabundinna viðmiðunarreglna til að ákvarða vægi áhrifa af atviki.
- 39) Til að stuðla að háu öryggisstigi net- og upplýsingakerfa ætti samstarfshópurinn, eftir því sem við á, að eiga samstarf við viðeigandi stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins til þess að miðla þekkingu og bestu starfsvenjum og til að veita ráðgjöf um öryggisþætti net- og upplýsingakerfa sem gætu haft áhrif á starf þeirra, en virða jafnframt fyrirbyggjandi samkomulag um miðlun upplýsinga sem takmarkaður aðgangur er að. Við samstarf sitt við löggæslufirvöld varðandi öryggisþætti net- og upplýsingakerfa, sem gætu haft áhrif á störf þeirra, ætti samstarfshópurinn að virða þær boðleiðir og þau kerfi sem fyrir eru.
- 40) Upplýsingar um atvik eru í auknum mæli verðmætar almenningi og fyrirtækjum, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í sumum tilfellum eru slíkar upplýsingar þegar veittar á landsbundnum vefsetrum á tungumáli tiltekins lands og einkum með áherslu á landsbundin tilvik og atvik. Þar sem fyrirtæki stunda í auknum mæli rekstur yfir landamæri og ríkisborgarar nota nettengda þjónustu ættu upplýsingar um atvik að vera veittar í samanteknu formi á vettvangi Sambandsins. Skrifstofa viðbragðsteymisins vegna atvika er varða netöryggi er hvött til þess að halda úti vefsetri eða að hýsa sérstaka síðu á starfandi vefsetri þar sem almennar upplýsingar um mikilvæg atvik sem hafa orðið í öllu Sambandinu eru gerðar aðgengilegar almenningi, með megináherslu á hagsmuni og þarfir fyrirtækja. Viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi sem taka þátt í

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013 frá 21. maí 2013 um Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 460/2004 (Stjtuð. ESB 165, 18.6.2013, bls. 41).

neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi eru hvött til þess að miðla valkvætt þeim upplýsingum sem birtar eru á því vefsetri án þess að þær innihaldi trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar upplýsingar.

- 41) Ef upplýsingar teljast vera trúnaðarmál í samræmi við gildandi reglur Sambandsins og landsreglur um trúnaðarkvöð í viðskiptum ætti að tryggja slíkan trúnað þegar starfsemin er stunduð og markmiðin sem kveðið eru á um í þessari tilskipun eru uppfyllt.
- 42) Æfingar sem líkja eftir atburðarás atvika í rauntíma eru nauðsynlegar til að prófa viðbúnað og samvinnu aðildarríkja varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa. CyberEurope-æfingarnar sem samræmdar eru af Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins með þátttöku aðildarríkjanna eru gagnlegt verkfæri til að prófa og taka saman tilmæli um hvernig meðhöndlun atvika á vettvangi Sambandsins ætti að verða betri með tímanum. Þar sem aðildarríkin eru sem stendur hvorki skuldbundin til að skipuleggja eða taka þátt í æfingum ætti gerð netsins fyrir viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi samkvæmt þessari tilskipun að gera aðildarríkjum kleift að taka þátt í æfingum á grundvelli nákvæmrrar skipulagningar og stefnumarkandi ákvarðana. Samstarfshópurinn sem þessi tilskipun kemur á fót ætti að ræða þær stefnumarkandi ákvarðanir sem varða æfingar, sérstaklega en þó ekki einvörðungu að því er varðar hversu reglulega æfingarnar eru haldnar og hönnun sviðsmynda þeirra. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins ætti, í samræmi við umboð sitt, að styðja við skipulagningu og framkvæmd æfinga í öllu Sambandinu með því að leggja samstarfshópnum og neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi til sérþekkingu og ráðgjöf.
- 43) Með tilliti til þess að öryggisvandamálin sem hafa áhrif á net- og upplýsingakerfi eru hnattræns eðlis er þörf á nánari alþjóðlegri samvinnu til að bæta öryggisstaðla og upplýsingaskipti og að stuðla að sameiginlegri heildarnálgun hvað varðar öryggismál.
- 44) Ábyrgðin á að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa hvílir að miklu leyti á rekstraraðilum nauðsynlegrar þjónustu og veitendum stafrænnar þjónustu. Stuðla ætti að og þróa áhættustýringarmenningu sem felur í sér áhættumat og framkvæmd öryggisráðstafana sem eiga við þá áhættu sem staðið er frammi fyrir með viðeigandi reglufestum kröfum og valfrjálsum starfsvenjum í atvinnugreininni. Að komið sé á traustum, jöfnum skilyrðum er nauðsynlegt fyrir skilvirka starfsemi samstarfshópsins og nets viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi og til að tryggja skilvirka samvinnu allra aðildarríkja.
- 45) Þessi tilskipun gildir aðeins um þá opinberu stjórnsýslu sem er auðkennd sem rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu. Því er það á ábyrgð aðildarríkja að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa í opinberri stjórnsýslu sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 46) Áhættustýringarráðstafanir fela í sér ráðstafanir til að auðkenna áhættu á atvikum, og til að koma í veg fyrir, greina og meðhöndla atvik og draga úr áhrifum þeirra. Öryggi net- og upplýsingakerfa nær til öryggis geymdra, sendra og unninna gagna.
- 47) Lögbær yfirvöld ættu að halda getunni til að samþykkja landsbundnar viðmiðunarreglur um þær aðstæður þar sem rekstraraðilum nauðsynlegrar þjónustu er skylt að tilkynna atvik.
- 48) Mörg fyrirtæki í Sambandinu reiða sig á veitendur stafrænnar þjónustu til að geta veitt sína þjónustu. Þar sem sum stafræn þjónusta gæti verið mikilvægur stuðningur fyrir notendur hennar, þ.m.t. rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu, og þar sem slíkum notendum standa hugsanlega ekki alltaf aðrir kostir til boða ætti þessi tilskipun einnig að gilda um veitendur slíkrar þjónustu. Öryggi, samfella og áreiðanleiki þeirra tegunda stafrænnar þjónustu sem um getur í þessari tilskipun eru nauðsynleg fyrir snurðulausa starfsemi marga fyrirtækja. Truflun á slíkri stafrænni þjónustu gæti komið í veg fyrir veitingu annarrar þjónustu sem reiðir sig á hana og gæti því haft áhrif á mikilvæga efnahagslega og samfélagslega starfsemi í Sambandinu. Slík stafræn þjónusta gæti þess vegna skipt sköpum fyrir snurðulausa starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á hana og enn fremur fyrir þátttöku slíkra fyrirtækja í innri markaðnum og viðskiptum yfir landamæri í öllu Sambandinu. Þeir veitendur stafrænnar þjónustu sem falla undir þessa tilskipun eru þeir sem teljast bjóða upp á slíka stafræna þjónustu sem mörg fyrirtæki í Sambandinu reiða sig á í auknum mæli.
- 49) Veitendur stafrænnar þjónustu ættu að tryggja öryggisstig í réttu hlutfalli við áhættuna fyrir öryggi stafrænu þjónustunnar sem þeir veita, að gefnu mikilvægi þeirra þjónustu fyrir rekstur annarra fyrirtækja innan Sambandsins. Í raun er áhættustigið herra

fyrir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, sem oft er nauðsynleg til að halda uppi mikilvægri samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi, en það er fyrir veitendur stafrænnar þjónustu. Því ættu öryggiskröfur til veitenda stafrænnar þjónustu að vera minni. Veitendum stafrænnar þjónustu ætti að vera fjárlst að gera ráðstafanir sem þeir telja viðeigandi til að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra. Vegna þess að veitendur stafrænnar þjónustu ná yfir landamæri ættu þeir að falla undir samhæfðari nálgun á vettvangi Sambandsins. Framkvæmdagerðir ættu að auðvelda forskriftir og framkvæmd slíkra ráðstafana.

- 50) Þótt framleiðendur vélbúnaðar og þróendur hugbúnaðar séu hvorki rekstraraðilar mikilvægrar þjónustu né veitendur stafrænnar þjónustu bæta vörur þeirra öryggi net- og upplýsingakerfa. Því gegna þeir mikilvægu hlutverki við að gera rekstraraðilum nauðsynlegrar þjónustu og veitendum stafrænnar þjónustu kleift að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa sinna. Slíkar vélbúnaðar- og hugbúnaðarvörur falla þegar undir gildandi reglur um skaðsemisábyrgð.
- 51) Tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem lagðar eru á rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu ættu ekki að gera kröfu um að ákveðin verslunarvara tengd upplýsinga- og tölvutækni verði hönnuð, þróuð eða framleidd á ákveðinn hátt.
- 52) Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu ættu að tryggja öryggi þeirra net- og upplýsingakerfa sem þeir nota. Þetta eru aðallega net- og upplýsingakerfi til einkanota sem stjórnað er af starfsfólki upplýsingatæknideildar þeirra eða þá að öryggi þeirra hafi verið útvistað. Öryggiskröfurnar og tilkynningarskyldan ættu að gilda um viðeigandi rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu án tillits til þess hvort þeir sjái sjálfir um eða útvisi viðhaldi á net- og upplýsingakerfum sínum.
- 53) Til að koma í veg fyrir óhóflega fjárhagslega og stjórnsýslulega byrði á rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu ættu kröfurnar að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem fylgir viðkomandi net- og upplýsingakerfum, með hliðsjón af nýjustu tækni á sviði slíkra ráðstafana. Þegar um er að ræða veitendur stafrænnar þjónustu ættu kröfurnar ekki að gilda um örfyrirtæki og lítil fyrirtæki.
- 54) Þegar opinber stjórnsýsla í aðildarríkjum notar þjónustu sem veitendur stafrænnar þjónustu bjóða, einkum skýjavinnsluþjónustu, gæti verið gerð krafa um viðbótarverndarráðstafanir af hálfu veitenda slíkrar þjónustu umfram það sem veitendur stafrænnar þjónustu bjóða venjulega í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Þeir ættu að geta gert það með samningsbundnum skyldum.
- 55) Skilgreiningarnar á netmörkuðum, leitarvélum á Netinu og skýjavinnsluþjónustu í þessari tilskipun varða sérstaklega þessa tilskipun, án þess að hafa áhrif á aðra gerninga.
- 56) Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki landsráðstafanir sem krefja opinbera aðila um að tryggja sérstakar öryggiskröfur þegar þau kaupa skýjavinnsluþjónustu. Slíkar landsráðstafanir ættu að gilda um viðeigandi opinbera aðila og ekki um veitanda skýjavinnsluþjónustunnar.
- 57) Í ljósi þess grundvallarmunar sem er á milli rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, einkum bein tengsl þeirra við efnisleg grunnvirki, og veitendur stafrænnar þjónustu, einkum vegna þess að þjónusta þeirra nær yfir landamæri, ætti þessi tilskipun að nota aðra nálgun að því er varðar umfang samræmingarinnar í tengslum við þessa tvo hópa aðila. Hvað varðar rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu ættu aðildarríki að geta auðkennt viðeigandi rekstraraðila og lagt á strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Aðildarríki ættu ekki að auðkenna veitendur stafrænnar þjónustu þar sem þessi tilskipun ætti að gilda um alla þá veitendur stafrænnar þjónustu sem falla innan gildissviðs hennar. Til viðbótar ætti þessi tilskipun og framkvæmdagerðirnar sem eru samþykktar á grundvelli hennar að tryggja hátt stig samræmingar fyrir veitendur stafrænnar þjónustu að því er tekur til öryggiskrafna og tilkynningarskyldu. Slíkt ætti að greiða fyrir því að veitendur stafrænnar þjónustu séu meðhöndlaðir með samræmdum hætti í öllu Sambandinu og í réttu hlutfalli við eðli þeirra og það áhættustig sem þeir geta mögulega staðið frammi fyrir.
- 58) Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki leggi öryggiskröfur og tilkynningarskyldu á aðila sem eru ekki



veitendur stafrænnar þjónustu innan gildissviðs þessarar tilskipunar, án þess að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt lögum Sambandsins.

- 59) Lögbær yfirvöld ættu að taka tilhlýðilegt tillit til þess að viðhalda óformlegum og traustum leiðum til upplýsingaskipta. Birting tilkynninga um atvik til lögbærra yfirvalda ætti að gæta að tilhlýðilegu jafnvægi milli hagsmuna almennings á að vera upplýstur og hættunnar á hugsanlegum skaða á orðstír og viðskiptum rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og þeirra veitenda stafrænnar þjónustu sem tilkynna um atvik. Við framkvæmd tilkynningar skyldunnar ættu lögbær yfirvöld og viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi að beina athygli sérstaklega að þeirri þörf að halda upplýsingum um veikleika verslunarvara sem algerum trúnaðarmálum áður en viðeigandi öryggisúrþætur hafa verið gefnar út.
- 60) veitendur stafrænnar þjónustu ættu að sæta vægu eftirliti sem byggir á viðbragði eftir á vegna eðlis þjónustu þeirra og starfsemi. Viðkomandi lögbært yfirvald ætti því einungis að grípa til aðgerða þegar sönnunargögn eru lögð fram, t.d. af hálfu sjálfs veitanda stafrænnar þjónustu, af hálfu annars lögbærs yfirvalds, þ.m.t. lögbært yfirvald annars aðildarríkis, eða af hálfu notanda þjónustunnar, sem sýna að veitandi stafrænnar þjónustu uppfylli ekki kröfur þessarar tilskipunar, einkum eftir að atvik hefur átt sér stað. Lögbæru yfirvaldi ætti því ekki að bera nein almenn skylda til að hafa umsjón með veitendum stafrænnar þjónustu.
- 61) Lögbær yfirvöld ættu að hafa nauðsynleg úrræði til að gegna skyldum sínum, þ.m.t. valdheimildir til að afla nægra upplýsinga til að meta öryggisstig net- og upplýsingakerfa.
- 62) Atvik geta verið afleiðing af brotastarfsemi sem komið er í veg fyrir, og er rannsókuð og sótt til saka fyrir með stuðningi frá samræmingu og samvinnu milli rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, veitanda stafrænnar þjónustu, lögbærra yfirvalda og löggæsluyfirvalda. Þegar grunur er uppi að atvik tengist alvarlegri afbrotastarfsemi samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslögum ættu aðildarríki að hvetja rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu til að gefa skýrslu um hugsanlega glæpsamleg atvik til viðeigandi löggæsluyfirvalda. Eftir því sem við á er æskilegt að Evrópska tölvu- og netglæpamiðstöðin (EC3) og Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins stuðli að samræmingu milli lögbærra yfirvalda og löggæsluyfirvalda mismunandi aðildarríkja.
- 63) Persónuupplýsingum er í mörgum tilfellum stefnt í hættu af völdum atvika. Í þessu samhengi ættu lögbær yfirvöld og gagnaverndaryfirvöld að vinna saman og miðla upplýsingum um öll viðeigandi mál til að taka á brotum á meðferð persónuupplýsinga sem leiða af atvikum.
- 64) Lögsaga er varðar veitendur stafrænnar þjónustu ætti að vera eignuð því aðildarríki í Sambandinu þar sem viðkomandi veitandi stafrænnar þjónustu hefur höfuðstöðvar sínar, sem að jafnaði samsvarar þeim stað sem veitandinn hefur sína aðalskrifstofu í Sambandinu. Með starfsstöð er átt við virka og raunverulega starfsemi með föstu fyrirkomulagi. Löggakveðið rekstrarform slíks fyrirkomulags, hvort sem um er að ræða útibú eða dótturfélag með réttarstöðu lögaðila eða ekki, ræður ekki úrslitum að því er þetta varðar. Þessi viðmiðun ætti ekki að vera háð því hvort net- og upplýsingakerfi séu staðsett á tilteknum stað og tilvist og notkun slíkra kerfa telst í sjálfu sér ekki vera slíkar höfuðstöðvar og eru því ekki viðmiðanir til að ákvarða höfuðstöðvarnar.
- 65) Þegar veitandi stafrænnar þjónustu sem er ekki með staðfestu í Sambandinu býður þjónustu innan Sambandsins ætti sá að tilnefna fulltrúa. Til þess að ákvarða hvort að slíkur veitandi stafrænnar þjónustu bjóði þjónustu innan Sambandsins ætti að vera gengið úr skugga um hvort ljóst sé að veitandi stafrænnar þjónustu hyggist bjóða þjónustu til einstaklinga í einu aðildarríki eða fleirum. Aðgengi að vefsetri eða tölvupóstfangi og öðrum samskiptaupplýsingum veitanda stafrænnar þjónustu eða milliliðs í Sambandinu, eða notkun tungumáls sem almennt er notað í þriðja landinu þar sem veitandi stafrænnar þjónustu er með staðfestu, nægir ekki til að staðfesta að um slíka fyrirætlun sé að ræða. Þættir eins og að nota tungumál eða gjaldmiðil, sem er almennt notaður í einu eða fleiri aðildarríkjum, og möguleikinn að panta þjónustu á því tungumáli eða að nefna viðskiptavini eða notendur í Sambandinu geta gert það ljóst að veitandi stafrænnar þjónustu hefur í hyggju að bjóða þjónustu í Sambandinu. Fulltrúinn ætti að koma fram fyrir hönd veitanda stafrænnar þjónustu og hægt ætti að vera fyrir lögbær yfirvöld og viðbragðsteymin vegna atvika er varða netöryggi að eiga samskipti við fulltrúann. Fulltrúinn ætti að vera sérstaklega tilnefndur með skriflegu umboði veitanda stafrænnar þjónustu til að koma fram fyrir hönd þess síðarnefnda með tilliti til skuldbindinga þess síðarnefnda samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. tilkynningar atvika.

- 66) Stöðlun öryggiskrafna er markaðsknúið ferli. Til að tryggja samleitni í beitingu á öryggisstöðlum ættu aðildarríki að hvetja til þess að farið sé að ákvæðum tilgreindra staðla eða samræmis gætt við þá til þess að tryggja hátt öryggisstig net- og upplýsingakerfa á vettvangi Sambandsins. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins ætti að aðstoða aðildarríki með ráðgjöf og leiðbeiningum. Í þessu skyni getur verið gagnlegt að gera drög að samhæfðum stöðlum sem ætti að framkvæma í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 <sup>(8)</sup>.
- 67) Aðilar sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar kunna að þurfa að fást við atvik sem hafa umtalsverð áhrif á þá þjónustu sem þeir veita. Þegar þessir aðilar telja það varða almannahagsmuni að tilkynna slík atvik ættu þeir að geta gert það af frjálsum vilja. Úrvinnsla slíkra tilkynninga ætti að fara fram af hálfu lögbærs yfirvalds eða viðbragðsteymis vegna atvika er varða netöryggi þar sem slík úrvinnsla er ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.
- 68) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að mæla fyrir um nauðsynlegt verklag fyrir starfrækslu samstarfshópsins og þær öryggiskröfur og tilkynningarskyldu sem gilda um veitendur stafrænnar þjónustu Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(9)</sup>. Þegar framkvæmdargerðir í tengslum við nauðsynlegar verklagsreglur fyrir starfrækslu samstarfshópsins eru samþykktar ætti framkvæmdastjórnin að taka fyllsta tillit til álits Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins.
- 69) Þegar framkvæmdargerðir í tengslum við öryggiskröfur fyrir veitendur stafrænnar þjónustu eru samþykktar ætti framkvæmdastjórnin að taka ítrasta tillit til álits Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins og ætti að hafa samráð við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Framkvæmdastjórnin er enn fremur hvött til að taka tillit til eftirfarandi atriða: að því er varðar öryggi kerfa og aðstöðu: raunlægt og umhverfislegt öryggi, afhendingaröryggi, aðgangur að net- og upplýsingakerfum og réttleiki net- og upplýsingakerfa, að því er varðar meðhöndlun atvika: verklagsreglur um meðferð atvika, greiningargeta á atvikum, skýrslugjöf og samskipti um atvik, að því er varðar stjórnun rekstrarsamfellu: reglur og viðbragðsáætlanir um samfellu þjónustu, endurreisnargeta vegna stóráfalla og að því er varðar eftirlit, endurskoðun og prófun: reglna um eftirlit og aðgerðaskráningu, æfingar á viðbragðsáætlunum, prófun net- og upplýsingakerfa, öryggismat og samræmisefirlit.
- 70) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð eins og á við með viðeigandi sérnefndum og viðeigandi aðilum sem komið er á fót á vettvangi Sambandsins á þeim sviðum sem falla undir þessa tilskipun.
- 71) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða reglulega þessa reglugerð í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, einkum með það í huga að ákvarða þörfina til breytinga í ljósi breytinga á samfélagslegum, stjórnmálalegum, tæknilegum og markaðslegum skilyrðum.
- 72) Miðlun upplýsinga innan samstarfshópsins og nets viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi um áhættu og atvik og hvort farið sé að kröfum um tilkynningu atvika til lögbærra landsyfirvalda eða til viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi getur haft í för með sér vinnslu persónuupplýsinga. Slík vinnsla ætti að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(10)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 <sup>(11)</sup>. Við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 <sup>(12)</sup> að gilda eins og við á.
- 73) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 14. júní 2013 <sup>(13)</sup>.
- 74) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í Sambandinu, og þeim verður þar af leiðandi, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, betur náð á vettvangi

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(11)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB C 32, 4.2.2014, bls. 19.

Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

- 75) Með tilskipun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til friðhelgi einkalífs og samskipta, verndun persónuupplýsinga, frelsi til atvinnurekstrar, eignarrétturinn, rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir dómstól og rétturinn til að flytja mál sitt. Þessari tilskipun ætti að koma til framkvæmda með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

##### Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir með það fyrir augum að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum innan Sambandsins í því skyni að bæta starfsemi innri markaðarins.
2. Í tilskipuninni er í þessu skyni:
  - a) mælt fyrir um skyldur fyrir öll aðildarríki að samþykkja landsbundna stefnuáætlun um öryggi net- og upplýsingakerfa,
  - b) komið á fót samstarfshópi í því skyni að styðja og auðvelda stefnumótandi samstarf og miðlun upplýsinga milli aðildarríkja og til að þróa traust og tiltrú þeirra á milli,
  - c) komið á fót neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi (e. CSIRTs network) í því skyni að stuðla að þróun trausts og tiltrúar milli aðildarríkja og til að stuðla að skjótvirkri og árangursríkri samvinnu,
  - d) komið á öryggiskröfum og tilkynningarskyldu fyrir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu,
  - e) mælt fyrir um skyldur aðildarríkja til að tilnefna lögbær landsyfirvöld, sameiginlega tengiliði og viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi með verkefni í tengslum við öryggi net- og upplýsingakerfa,
3. Öryggiskröfurnar og tilkynningarskyldan sem þessi tilskipun kveður á um skulu ekki gilda um fyrirtæki sem falla undir kröfur 13. gr. a og 13. gr. b í tilskipun 2002/21/EB eða um veitendur traustþjónustu sem falla undir kröfur 19. gr. í reglugerð (ESB) nr. 910/2014.
4. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um tilskipun ráðsins 2008/114/EB <sup>(14)</sup> og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB <sup>(15)</sup> og 2013/40/ESB <sup>(16)</sup>.
5. Án þess að hafa áhrif á 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu Sambandið og viðkomandi yfirvöld einvörðungu skiptast á upplýsingum sem eru bundnar trúnaði samkvæmt lögum Sambandsins og landsreglum, t.d. reglum um trúnaðarkvöð í viðskiptum, ef slík upplýsingaskipti eru nauðsynleg fyrir beitingu þessarar tilskipunar. Upplýsingaskiptin skulu

<sup>(14)</sup> Tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra (Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75).

<sup>(15)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB frá 13. desember 2011 um að berjast gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu á börnum og barnaklámi, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2004/68/DIM (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 1).

<sup>(16)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8).

takmarkast við það sem er viðeigandi og í réttu hlutfalli við tilgang slíkrar miðlunar. Slík upplýsingaskipti skulu viðhalda trúnaðinum á þeim upplýsingum og vernda öryggis- og viðskiptahagsmuni rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu.

6. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þær aðgerðir sem aðildarríkin hafa gripið til sem vernda grundvallarhlutverk ríkja, einkum til verndar þjóðaröryggi, þ.m.t. aðgerðir sem vernda upplýsingar þar sem aðildarríki telja að birting sé andstæð mikilvægum öryggishagsmunum þeirra og til að halda uppi lögum og reglu, einkum til að unnt sé að rannsaka, koma upp um og saksækja fyrir refsiverð brot.

7. Ef geiratengd réttargerð Sambandsins krefur rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu annaðhvort um að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa sinna eða um að tilkynna atvik, skulu ákvæði þeirrar réttargerðar Sambandsins gilda að því tilskildu að slíkar kröfur hafi a.m.k. samsvarandi áhrif og þær skyldur sem þessi tilskipun inniheldur.

2. gr.

### Vinnsla persónuupplýsinga

1. Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB.
2. Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu stofnana og aðila Sambandsins samkvæmt þessari tilskipun skal fara fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

3. gr.

### Lágmarkssamræming

Án þess að hafa áhrif á 10. mgr. 16. gr. og skyldur þeirra í samræmi við lög Sambandsins geta aðildarríki samþykkt eða viðhaldið ákvæðum með það fyrir augum að ná hærra sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum.

4. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „net- og upplýsingakerfi“:
  - a) rafrænt fjarskiptanet í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB,
  - b) tæki eða samsafn innbyrðis tengdra eða skyldra tækja þar sem í einu þeirra eða fleiri fer fram sjálfvirk stafræn gagnavinnsla eftir forriti, eða
  - c) stafræn gögn sem eru geymd, unnin, sótt eða send fyrir tilstilli þátta sem falla undir a- og b-lið að því er varðar starfrækslu þeirra, notkun, verndun og viðhald,
- 2) „öryggi net- og upplýsingakerfa“: geta net- og upplýsingakerfis til að standast, með tilteknu öryggisstigi, allar aðgerðir sem stofna í hættu aðgengi, sannvottuðum uppruna, réttleika og leynd vistaðra eða sendra eða unninna gagna eða tengdrar þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi net- og upplýsingakerfi,
- 3) „landsbundin stefnuáætlun um öryggi net- og upplýsingakerfa“: rammur sem kemur á fót stefnumótandi markmiðum og forgangsröðun varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa á landsvísi,
- 4) „rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu“: aðili, opinber eða í einkarekstri, af tegund sem um getur í II. viðauka, sem uppfyllir viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr.,

- 5) „stafræn þjónusta“: þjónusta í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 <sup>(17)</sup>, sem er af tegund sem tilgreind er í III. viðauka,
- 6) „veitandi stafrænnar þjónustu“: sérhver lögaðili sem veitir stafræna þjónustu,
- 7) „atvik“: hver sá atburður sem hefur skaðleg áhrif á öryggi net- og upplýsingakerfa,
- 8) „meðhöndlun atvika“: allt það verklag sem styður við að koma upp um, greina og afmarka atvik og viðbrögð við því,
- 9) „áhætta“: aðstæður eða atburðir sem eru sanngreinanleg með fullnægjandi hætti og hafa mögulega skaðleg áhrif á öryggi net- og upplýsingakerfa,
- 10) „fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem er sérstaklega tilnefndur til að koma fram fyrir hönd veitanda stafrænnar þjónustu sem ekki er með staðfestu í Sambandinu og sem lögbært landsyfirvald eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi getur haft samband við í stað veitanda stafrænnar þjónustu að því er varðar skyldur veitanda stafrænnar þjónustu samkvæmt þessari tilskipun,
- 11) „staðall“: staðall í skilningi 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 12) „forskrift“: tækniforskrift í skilningi 4. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 13) „tengi- og skiptipunktur (IXP)“: netvirki sem gerir kleift að samtengja fleiri en tvö sjálfstæð og sjálfstýrð kerfi, fyrst og fremst í þeim tilgangi að greiða fyrir miðlun Netumferðar, tengi- og skiptipunkturinn veitir einungis samtengingu fyrir sjálfstýrð kerfi, tengi- og skiptipunkturinn gerir ekki kröfu um að Netumferð sem fer á milli tveggja hlutaðeigandi sjálfstýrðra kerfa fari í gegnum þriðja sjálfstýrðra kerfið, né breytir hún eða truflar slíka umferð,
- 14) „lénshaitakerfi (DNS)“: stigskipt dreift gagnasafn í netkerfi sem annast fyrirspurnir um lénsheiti,
- 15) „þjónustuveitandi lénsheitakerfis“: aðili sem veitir þjónustu fyrir lénsheitakerfi á Netinu.
- 16) „skráningarstofa höfuðléna“: aðili sem annast og vinnur að skráningu lénsheita á Netinu undir sérstöku höfuðléni (TLD),
- 17) „netmarkaður“: stafræn þjónusta sem leyfir neytendum og/eða seljendum eins og þeir eru skilgreindir í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB <sup>(18)</sup> að gera sölu- og þjónustusamninga á Netinu við seljendur annað hvort á vefsetri netmarkaðarins eða á vefsetri seljandans sem notar þjónustu á sviði gagnaferðar í gegnum netmarkaðinn,
- 18) „leitarvél á Netinu“: stafræn þjónusta sem leyfir notendum að framkvæma leit, að meginreglu til, að öllum vefsetrum eða vefsetrum á tilteknu tungumáli á grundvelli fyrirspurnar um alls konar viðfangsefni í formi lykilorðs, orðasambands eða annars konar ílags og skilar tenglum þar sem finna má upplýsingar sem varða efnið sem óskað er eftir,
- 19) „skýjavinnsluþjónusta“: stafræn þjónusta sem veitir aðgang að skalanlegum (e. scalable) og sveigjanlegum brunni (e. elastic pool) tölvunargetu sem hægt er að deila.

5. gr.

#### **Auðkenning rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu**

1. Eigi síðar en 9. nóvember 2018 skulu aðildarríki auðkenna fyrir hvern geira og undirgeira sem um getur í II. viðauka rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu með starfsstöð á þeirra yfirráðsvæði.
2. Viðmiðanir fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, eins og um getur í 4. lið 4. gr., skulu vera eftirfarandi:
  - a) aðili veitir þjónustu sem er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi,
  - b) veiting þeirrar þjónustu er háð net- og upplýsingakerfum, og

<sup>(17)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknilegar reglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

<sup>(18)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um deilumál á sviði neytendamála) (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, p. 63)

- c) atvik myndi hafa veruleg skerðandi áhrif á veitingu þeirrar þjónustu.
3. Að því er varðar 1. mgr. skal hvert aðildarríki taka saman skrá yfir þá þjónustu sem um getur í a-lið 2. mgr.
4. Að því er varðar 1. mgr. þegar aðili veitir þjónustu sem um getur í a-lið 2. mgr. í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skulu þau aðildarríki eiga samráð við hvort annað. Það samráð skal eiga sér stað áður en ákvörðun um auðkenningu hefur verið tekin.
5. Aðildarríki skulu reglulega og a.m.k. annað hvert ár eftir 9. maí 2018 endurskoða og uppfæra, eftir því sem við á, skrána yfir auðkennda rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.
6. Hlutverk samstarfshópsins skal vera, í samræmi við verkefnið sem um getur í 11. gr., að styðja aðildarríkin í að beita samræmdri nálgun að auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.
7. Að því er varðar endurskoðunina sem um getur í 23. gr. skulu aðildarríki leggja nauðsynlegar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 9. nóvember 2018 og a.m.k. annað hvert ár þaðan í frá til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum samkvæmni í nálgun aðildarríkja að auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:
- a) landsráðstafanir sem greiða fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu,
  - b) skrá yfir þá þjónustu sem um getur í 3. mgr.,
  - c) fjölda auðkenndra rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu fyrir hvern geira sem um getur í II. viðauka og upplýsingar um mikilvægi þeirra í tengslum við þann geira,
  - d) viðmiðunarmörk, ef þau eru fyrir hendi, til að ákvarða viðeigandi aðfangamagn með tilvísun í þann fjölda notenda sem reiða sig á þá þjónustu eins og um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. eða í mikilvægi tiltekins rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu eins og um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr.

Til að stuðla að því að veittar séu sambærilegar upplýsingar getur framkvæmdastjórnin, að teknu fyllsta tilliti til álits Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins, samþykkt tilhlýðilegar tæknilegar viðmiðunarreglur um kennistærðir þeirra upplýsinga sem um getur í þessari málsgrein.

6. gr.

#### Veruleg skerðandi áhrif

1. Við ákvörðun á því hversu veruleg skerðandi áhrif sem um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. eru, skulu aðildarríki taka tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta sem liggja þvert á atvinnugreinir:
- a) fjölda notenda sem reiða sig á þá þjónustu sem hlutaðeigandi aðili veitir,
  - b) hversu háðir aðrir geirar sem um getur í II. viðauka eru þjónustunni sem sá aðili veitir,
  - c) þeirra áhrifa sem atvik gætu haft, með tilliti til umfangs þeirra og hversu lengi þau vara, á efnahagslega og samfélagslega starfsemi eða almannaöryggi,
  - d) markaðshlutdeildar þess aðila,
  - e) landfræðilegrar útbreiðslu að því er varðar svæðið sem atvik gæti haft áhrif á,
  - f) mikilvægis aðilans fyrir viðhald á nægilegu þjónustustigi, að teknu tilliti til tælkileika annarra leiða til að veita þá þjónustu.
2. Til að ákvarða hvort að atvik myndi hafa veruleg skerðandi áhrif skulu aðildarríki einnig, eftir því sem við á, taka tillit til geirabundinna þátta.

## II. KAFLI

### LANDSBUNDNIR RAMMAR FYRIR ÖRYGGI NET- OG UPPLÝSINGAKERFA

#### 7. gr.

##### Landsbundin stefnuáætlun um öryggi net- og upplýsingakerfa

- Sérhvert aðildarríki skal samþykkja landsbundna stefnuáætlun um öryggi net- og upplýsingakerfa sem skilgreinir stefnumótandi markmið og viðeigandi reglur og stjórnvaldsráðstafanir með það fyrir augum að ná og viðhalda háu öryggistigi í net- og upplýsingakerfum og sem tekur a.m.k. til þeirra geira sem um getur í II. viðauka og þeirrar þjónustu sem um getur í III. viðauka. Landsbundna stefnuáætlunin um öryggi net- og upplýsingakerfa skal sérstaklega taka á eftirfarandi þáttum:
  - markmiðum og forgangsmálum landsbundnu stefnuáætlunarinnar um öryggi net- og upplýsingakerfa,
  - stjórnunnarramma til að ná markmiðum og forgangsmálum landsbundnu stefnuáætlunarinnar um öryggi net- og upplýsingakerfa, þ.m.t. hlutverk og ábyrgð ríkisstofnana og annarra hlutaðeigandi aðila,
  - auðkenningu ráðstafana í tengslum við viðbúnað, viðbrögð og endurheimt, þ.m.t. samvinnu milli einkaaðila og opinberra aðila,
  - upplýsingum um áætlanirnar um kennslu, vitundarvakningu og þjálfun sem tengjast landsbundnu stefnuáætluninni um öryggi net- og upplýsingakerfa,
  - upplýsingum um áætlanirnar um rannsóknir og þróun sem tengjast landsbundnu stefnuáætluninni um öryggi net- og upplýsingakerfa,
  - áætlun um framkvæmd áhættumats til að auðkenna áhættu,
  - skrárar yfir þá aðila sem taka þátt í framkvæmd landsbundnu stefnuáætlunarinnar um öryggi net- og upplýsingakerfa.
- Aðildarríki geta óskað eftir aðstoð frá Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins við mótun landsbundinna stefnuáætlana um öryggi net- og upplýsingakerfa.
- Aðildarríki skulu tilkynna landsbundnar stefnuáætlanir sínar um öryggi net- og upplýsingakerfa til framkvæmdastjórnarinnar innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Við það getur aðildarríki undanskilið þætti stefnuáætlunarinnar sem varða þjóðaröryggi.

#### 8. gr.

##### Lögbær landsyfirvöld og sameiginlegur tengiliður

- Sérhvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær landsyfirvöld til að fylgjast með öryggi net- og upplýsingakerfa („lögbært yfirvald“) sem tekur a.m.k. til þeirra geira sem um getur í II. viðauka og þeirrar þjónustu sem um getur í III. viðauka. Aðildarríki geta falið yfirvaldi eða yfirvöldum sem þegar eru til staðar þetta hlutverk.
- Lögbær yfirvöld skulu fylgjast náið með beitingu þessarar tilskipunar á landsvísu.
- Sérhvert aðildarríki skal tilnefna sameiginlegan landsbundinn tengilið fyrir öryggi net- og upplýsingakerfa („sameiginlegur tengiliður“). Aðildarríki geta falið yfirvaldi sem þegar er til staðar þetta hlutverk. Þegar aðildarríki tilnefnir aðeins eitt lögbært yfirvald skal það lögbæra yfirvald einnig vera sameiginlegi tengiliðurinn.
- Sameiginlegi tengiliðurinn skal sinna samráðshlutverki til að tryggja samstarf yfirvalda aðildarríkja yfir landamæri og við hlutaðeigandi yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og við samstarfshópinn sem um getur í 11. gr. og viðbragðsteymin vegna atvika er

varða netöryggi sem um getur í 12. gr.

5. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld og sameiginlegir tengiliðir hafi yfir nægilegu fjármagni að ráða til að annast á árangursríkan og skilvirkan hátt þau verkefni sem þeim eru falin og þannig náð markmiðum þessarar tilskipunar. Aðildarríki skulu tryggja árangursríkt, skilvirkt og öruggt samstarf tilnefndu fulltrúanna í samstarfshópnum.
6. Lögbær yfirvöld og sameiginlegi tengiliðurinn skulu, þegar við á og í samræmi við landslög, hafa samráð og vera í samstarfi við viðeigandi landsbundin löggæsluyfirvöld og landsbundin gagnaverndaryfirvöld.
7. Sérhvert aðildarríki skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu lögbærs yfirvalds og sameiginlegs tengiliðar, um verkefni þeirra og um allar síðari breytingar sem kunna verða á þeim. Sérhvert aðildarríki skal birta tilnefningu sína á lögbæru yfirvaldi og sameiginlegum tengiliði. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir tilnefnda, sameiginlega tengiliði.

9. gr.

#### **Viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi (CSIRTs)**

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi sem skal uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 1. lið I. viðauka og nær til a.m.k. þeirra geira sem um getur í II. viðauka og þeirrar þjónustu sem um getur í III. viðauka, og sem ber ábyrgð á meðhöndlun á áhættu og atvikum í samræmi við vel skilgreint ferli. Heimilt er að viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi sé komið á fót innan lögbærs yfirvalds.
2. Aðildarríki skulu tryggja að viðbragðsteymin vegna atvika er varða netöryggi hafi nægilegt fjármagn til að annast verkefni sín eins og sett er fram í 2. lið I. viðauka.

Aðildarríki skulu tryggja árangursríkt, skilvirkt og öruggt samstarf viðbragðsteyma sinna vegna atvika er varða netöryggi við net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi sem um getur í 12. gr.

3. Aðildarríki skulu tryggja að viðbragðsteymi sín vegna atvika er varða netöryggi hafi aðgang að viðeigandi, öruggu og álagsþolnu samskipta- og upplýsingagrunnvirki á landsvísu.
4. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um valdsvið viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi sem og um helstu þætti ferlis þeirra við meðhöndlun atvika.
5. Aðildarríki geta óskað eftir aðstoð frá Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins við þróun landsbundinna viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi.

10. gr.

#### **Samvinna á landsvísu**

1. Þegar lögbært yfirvald, sameiginlegur tengiliður og viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi í sama aðildarríki eru aðskilin skulu þau eiga samvinnu með tilliti til efnda á þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
2. Aðildarríki skulu tryggja að annað hvort lögbær yfirvöld eða viðbragðsteymin vegna atvika er varða netöryggi fái tilkynningar um atvik sem lagðar eru fram samkvæmt þessari tilskipun. Þegar aðildarríki ákveður að viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi skuli ekki fá tilkynningar skal viðbragðsteymum vegna atvika er varða netöryggi, eftir því sem þurfa þykir til að þau geti sinnt störfum sínum, vera veittur aðgangur að gögnum um atvik sem rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu hafa tilkynnt skv. 3. og 5. mgr. 14. gr., eða veitendur stafrænnar þjónustu skv. 3. og 6. mgr. 16. gr.
3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld eða viðbragðsteymin vegna atvika er varða netöryggi upplýsi sameiginlegu tengiliðina um tilkynningar um atvik sem lagðar eru fram samkvæmt þessari tilskipun.

Eigi síðar en 9. ágúst 2018 og síðan á hverju ári skal sameiginlegi tengiliðurinn leggja fram yfirlitsskýrslu til samstarfshópsins um móttekna tilkynningar, þ.m.t. fjölda tilkynninga og eðli tilkynnta atvika og aðgerðir sem gripið hefur verið til í samræmi við 3. og 5. mgr. 14. gr. og 3. og 6. mgr. 16. gr.



### III. KAFLI

#### SAMSTARF

##### 11. gr.

#### Samstarfshópur

1. Samstarfshópi er hér með komið á fót til að styðja og greiða fyrir stefnumótandi samstarfsverkefnum og upplýsingaskiptum milli aðildarríkja og að þróa traust og tiltrú þeirra á milli með það fyrir augum að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í Sambandinu.

Samstarfshópurinn skal sinna verkefnum sínum á grundvelli tveggja ára starfsáætlana eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr.

2. Samstarfshópurinn skal vera skipaður fulltrúum aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins.

Samstarfshópurinn getur, eftir því sem við á, boðið fulltrúum hlutaðeigandi hagsmunaaðila að taka þátt í verkefnum sínum.

Framkvæmdastjórnin skal láta í té skrifstofuþjónustu.

3. Samstarfshópurinn skal sinna eftirfarandi verkefnum:

- a) veita stefnumótandi leiðsögn fyrir starfsemi nets viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi sem komið var á fót skv. 12. gr.,
- b) miðla bestu starfsvenjum um upplýsingaskipti varðandi tilkynningu um atvik eins og um getur í 3. og 5. mgr. 14. gr. og 3. og 6. mgr. 16. gr.,
- c) miðla bestu starfsvenjum milli aðildarríkja og, í samstarfi við Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins, aðstoða aðildarríki við að byggja upp getu til að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa,
- d) ræða um getu og viðbúnað aðildarríkjanna og, sé óskað eftir því, meta landsbundnar stefnuáætlanir um öryggi net- og upplýsingakerfa og skilvirkni viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi og auðkenna bestu starfsvenjur,
- e) miðla upplýsingum og bestu starfsvenjum um vitundarvakningu og þjálfun,
- f) miðla upplýsingum og bestu starfsvenjum um rannsóknir og þróunarstarfsemi sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa,
- g) miðla reynslu, þar sem við á, um málefni sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa til viðeigandi stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins,
- h) ræða um staðlana og forskriftirnar sem um getur í 19. gr. við fulltrúa viðeigandi evrópskra staðlastofnana,
- i) safna upplýsingum um bestu starfsvenjur varðandi áhættu og atvik,
- j) kanna árlega yfirlitsskýrslurnar sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 10. gr.,
- k) ræða um vinnuna sem unnin hefur verið með tilliti til æfinga sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa, fræðsluáætla og þjálfunar, þ.m.t. starf Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins,
- l) með aðstoð Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins, miðla bestu starfsvenjum með tilliti til auðkenningar aðildarríkja á rekstraraðilum nauðsynlegrar þjónustu, þ.m.t. í tengslum við hæði yfir landamæri varðandi áhættu og atvik,
- m) ræða um fyrirkomulag við skýrslugjöf á tilkynningum um atvik eins og um getur í 14. og 16. gr.

Eigi síðar en 9. febrúar 2018 og síðan á tveggja ára fresti skal samstarfshópurinn koma á fót starfsáætlun að því er varðar aðgerðir

sem verða framkvæmdar til að uppfylla markmið og verkefni hópsins sem skulu samræmast markmiðum tilskipunarinnar.

4. Að því er varðar endurskoðunina sem um getur í 23. gr. og eigi síðar en 9. ágúst 2018 og á hverju ári þar eftir skal samstarfshópurinn undirbúa skýrslu sem metur fengna reynslu af því stefnumótandi samstarfi sem stefnt er að samkvæmt þessari grein.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegt verklag fyrir starfrækslu samstarfshópsins. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skal framkvæmdastjórnin leggja fyrstu drög framkvæmdargerðarinnar fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eigi síðar en 9. febrúar 2017.

12. gr.

### Net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi

1. Neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi er hér með komið á fót, í því skyni að stuðla að þróun trausts og tiltrúar milli aðildarríkjanna og til að stuðla að skjótvirkri og árangursríkri samvinnu.
2. Net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi skal samanstanda af fulltrúum viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi í aðildarríkjunum og viðbragðsteymis vegna neyðartilvika er varða netöryggi í Evrópusambandinu. Framkvæmdastjórnin skal vera þátttakandi sem áheyrnarfulltrúi í neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins skal sinna skrifstofuhaldinu og skal á virkan hátt styðja samstarfið milli viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi.
3. Net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi skal sinna eftirfarandi verkefnum:
  - a) miðla upplýsingum um þjónustu, aðgerðir og samstarfsgetu viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi,
  - b) að beiðni fulltrúa viðbragðsteymis vegna atvika er varða netöryggi frá aðildarríki sem hugsanlega hefur orðið fyrir áhrifum atviks, skiptast á og ræða upplýsingar sem innihalda ekki viðskiptaleyndarmál tengdar því atviki og tilheyrandi áhættu, hins vegar getur sérhvert viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi aðildarríkis synjað þátttöku í slíkri umræðu ef það er hættu á að rannsóknin á atvikinu verði fyrir skaða,
  - c) miðla og bjóða fram, sé óskað eftir því, upplýsingar varðandi einstaka atvik sem eru ekki trúnaðarmál,
  - d) að beiðni fulltrúa viðbragðsteymis vegna atvika er varða netöryggi aðildarríkis, ræða og ákvarða, þegar hægt er, samræmd viðbrögð við atviki sem greinst hefur innan lögsögu þess aðildarríkis,
  - e) styðja aðildarríki við að taka á atvikum sem ná yfir landamæri á grundvelli sjálfviljugrar gagnkvæmrar aðstoðar þeirra,
  - f) ræða, kanna og auðkenna frekari möguleika á samvinnu þ.m.t. í tengslum við:
    - i. flokka áhættu og atvika,
    - ii. snemmviðvaranir,
    - iii. gagnkvæma aðstoð,
    - iv. meginreglur og fyrirkomulag samstarfs þegar aðildarríki bregðast við áhættum og atvikum sem ná yfir landamæri,
  - g) upplýsa samstarfshópinn um aðgerðir sínar og um frekari möguleika á samvinnu sem fjallað er um samkvæmt f-lið og óska eftir leiðsögu hvað það varðar,
  - h) ræða þann lærdóm sem fengist hefur af æfingum sem tengjast öryggi net- og upplýsingakerfa, þ.m.t. æfingum sem skipulagðar eru af Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins,
  - i) ræða getu og viðbúnað viðbragðsteymis vegna atvika er varða netöryggi, óski það viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi eftir því,

j) gefa út viðmiðunarreglur til að greiða fyrir samleitni starfsvenja með tilliti til beitingar ákvæðanna í þessari grein sem varða samvinnu.

4. Að því er varðar endurskoðunina sem um getur í 23. gr. og eigi síðar en 9. ágúst 2018 og á hverju ári þar eftir skal net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi gera skýrslu sem metur fengna reynslu af samvinnunni, þ.m.t. niðurstöður og tilmæli, sem stefnt er að samkvæmt þessari grein. Einnig skal leggja þá skýrslu fyrir samstarfshópinn.

5. Net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi skal setja sér starfsreglur.

*13. gr.*

#### **Alþjóðleg samvinna**

Sambandið getur gert alþjóðasamninga, í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, við þriðju lönd eða alþjóðastofnanir sem heimila og skipuleggja þátttöku þeirra í sumum aðgerðum samstarfshópsins. Slíkir samningar skulu taka tillit til þarfarinnar á að tryggja fullnægjandi vernd gagna.

#### **IV. KAFLI**

### **ÖRYGGI NET- OG UPPLÝSINGAKERFA REKSTRARAÐILA NAUÐSYNLEGRAR ÞJÓNUSTU**

*14. gr.*

#### **Öryggiskröfur og tilkynningar um atvik**

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu geri viðeigandi og hóflegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra þeirri áhættu sem stöðjar að öryggi þeirra net- og upplýsingakerfa sem þeir nota í starfsemi sinni. Þær ráðstafanir skulu vera með hliðsjón af nýjustu tækni á því sviði og tryggja hæfilegt öryggisstig í net- og upplýsingakerfum miðað við þá áhættu sem skapast getur.

2. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka áhrifin af atvikum á öryggi net- og upplýsingakerfa sem notuð eru við veitingu slíkrar nauðsynlegrar þjónustu, með það fyrir augum að tryggja samfellu slíkrar þjónustu.

3. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu tilkynni, án ástæðulausrar tafar, lögbæru yfirvaldi eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi um atvik sem hafa umtalsverð áhrif á samfellu þeirrar nauðsynlegrar þjónustu sem þeir veita. Tilkynningarnar skulu innihalda upplýsingar sem gera lögbæru yfirvaldi eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi kleift að ákvarða hvort áhrifa atviks gæti yfir landamæri. Tilkynning skal ekki gera það að verkum að tilkynningaraðilinn sæti aukinni bótaábyrgð.

4. Til að ákvarða hvort áhrif atviks séu veruleg skal sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi kennistærða:

- fjöldi þeirra notenda sem truflun á nauðsynlegu þjónustunni hefur áhrif á,
- hversu lengi atvikið stendur yfir,
- landfræðilegar útbreiðslu að því er varðar svæðið sem atvikið hefur áhrif á.

5. Á grundvelli upplýsinganna sem eru í tilkynningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu skal lögbært yfirvald eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi upplýsa hitt aðildarríkið eða hin aðildarríkin, þar sem áhrifa gætir, um hvort atvikið hafi veruleg áhrif á samfellu nauðsynlegrar þjónustu í því aðildarríki. Við það skal lögbært yfirvald eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi standa vörð um öryggis- og viðskiptahagsmuni rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, og gæta trúnaðar þeirra upplýsinga sem veittar eru í tilkynningu hans, í samræmi við lög Sambandsins eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins.

Þar sem aðstæður leyfa, skal lögbæra yfirvaldið eða viðbragðsteymið vegna atvika er varða netöryggi veita þeim rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu sem sendir tilkynninguna viðeigandi upplýsingar varðandi eftirfylgni við tilkynningu hans, eins og upplýsingar sem gætu stutt við skilvirka meðhöndlun atviks.

Að beiðni lögbærs yfirvalds eða viðbragðsteymis vegna atvika er varða netöryggi skal sameiginlegi tengiliðurinn áframsenda tilkynningar, eins og um getur í fyrstu undirgrein, til sameiginlegra tengiliða í öðrum aðildarríkjum þar sem áhrifa gætir.

6. Að höfðu samráði við rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu sem sendir tilkynningu, getur lögbæra yfirvaldið eða viðbragðsteymið vegna atvika er varða netöryggi upplýst almenning um einstök atvik þar sem almenningsvitundar er þörf til að koma í veg fyrir atvik eða takast á við yfirstandandi atvik.

7. Lögbær yfirvöld sem starfa saman innan samstarfshópsins geta þróað og samþykkt viðmiðunarreglur varðandi þær kringumstæður sem krefjast þess að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu tilkynni um atvik, þ.m.t. varðandi þær kennistærðir til að ákvarða hversu veruleg áhrif atvik hefur eins og um getur í 4. mgr.

#### 15. gr.

#### **Framkvæmd og fullnusta**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar valdheimildir og úrræði til að meta hvort rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu uppfylli skuldbindingar sínar skv. 14. gr. og áhrifum þess á öryggi net- og upplýsingakerfa.

2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi þær valdheimildir og þau úrræði til að krefjast þess að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu veiti:

- nauðsynlegar upplýsingar til að meta öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra, þ.m.t. skjalfestar öryggisreglur,
- sannanir fyrir skilvirkri framkvæmd á öryggisreglum, eins og niðurstöður úr öryggisúttekt sem lögbært yfirvald eða hæfur úttektarmaður framkvæmir og, í síðara tilvikinu, geri niðurstöðurnar úr, þ.m.t. þau sönnunargögn sem lögð eru til grundvallar, aðgengilegar lögbæru yfirvaldi.

Þegar óskað er eftir slíkum upplýsingum eða sönnunum skal lögbæra yfirvaldið taka fram tilgang beiðninnar og tilgreina hvaða upplýsinga er þörf.

3. Að loknu matinu á upplýsingum eða niðurstöðum öryggisúttekta sem um getur í 2. mgr. getur lögbæra yfirvaldið gefið út bindandi fyrirmæli til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu um að ráða bót á þeim annmörkum sem fundust.

4. Lögbæra yfirvaldið skal vinna í nánú samstarfi við gagnaverndaryfirvöld þegar tekið er á atvikum sem leiða af sér brot á meðferð persónuupplýsinga.

#### V. KAFLI

#### **ÖRYGGI NET- OG UPPLÝSINGAKERFA VEITENDA STAFRÆNNAR ÞJÓNUSTU**

#### 16. gr.

#### **Öryggiskröfur og tilkynningar um atvik**

1. Aðildarríki skulu tryggja að veitendur stafrænnar þjónustu auðkenni og geri viðeigandi og hóflegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi þeirra net- og upplýsingakerfa sem þeir nota í tengslum við að bjóða þá þjónustu sem um getur í III. viðauka innan Sambandsins. Þær ráðstafanir skulu vera með hliðsjón af nýjustu tækni á því sviði og tryggja hæfilegt öryggisstig í net- og upplýsingakerfum miðað við þá áhættu sem skapast getur og skulu taka tillit til eftirfarandi þátta:

- öryggis kerfa og búnaðar,
- meðhöndlunar atvika,
- stjórnunar rekstrarsamfelli,

- d) eftirlits, endurskoðunar og prófana,
- e) að farið sé að alþjóðlegum stöðlum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að veitendur stafrænnar þjónustu geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka áhrifin af atvikum á öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra fyrir þá þjónustu sem um getur í III. viðauka og boðin er innan Sambandsins, með það fyrir augum að tryggja samfellu slíkrar þjónustu.

3. Aðildarríki skulu tryggja að veitendur stafrænnar þjónustu tilkynni lögbæru yfirvaldi og viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi um öll atvik sem hafa umtalsverð áhrif á veitingu þjónustu eins og um getur í III. viðauka sem þeir bjóða innan Sambandsins. Tilkynningarnar skulu innihalda upplýsingar sem gera lögbæru yfirvaldi eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi kleift að ákvarða hvort áhrifa atviks gæti yfir landamæri. Tilkynning skal ekki gera það að verkum að tilkynningaraðilinn sæti aukinni bótaábyrgð.

4. Til að ákvarða hvort áhrif atviks séu veruleg skal sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi kennistærða:

- a) fjölda þeirra notenda sem atvikið hefur áhrif á, sérstaklega notendur sem reiða sig á þjónustuna til að veita sína eigin þjónustu,
- b) hversu lengi atvikið stendur yfir,
- c) landfræðilegrar útbreiðslu að því er varðar svæðið sem atvikið hefur áhrif á,
- d) umfang truflunarinnar á virkni þjónustunnar,
- e) umfang áhrifanna á efnahagslega og samfélagslega starfsemi.

Skyldan til að tilkynna um atvik skal einungis eiga við þegar veitandi stafrænnar þjónustu hefur aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að meta áhrif atviks í samanburði við þá mælipætti sem um getur í fyrstu undirgrein.

5. Þegar rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu reiðir sig á veitanda stafrænnar þjónustu sem er þriðji aðili til að veita þjónustu sem er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi skal sá rekstraraðili tilkynna um öll umtalsverð áhrif á samfellu nauðsynlegrar þjónustu vegna atviks sem hefur áhrif á veitanda stafrænnar þjónustu.

6. Eftir því sem við á, og sérstaklega ef atvikið sem um getur í 3. mgr. snertir tvö eða fleiri aðildarríki, skulu lögbært yfirvald og viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi tilkynna hinum aðildarríkjunum þar sem áhrifa gætir. Við það skulu lögbær yfirvöld, viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi og sameiginlegir tengiliðir standa vörð um öryggis- og viðskiptahagsmunum veitanda stafrænnar þjónustu og gæta trúnaðar þeirra upplýsinga sem veittar eru í tilkynningu hans, í samræmi við lög Sambandsins eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins.

7. Að höfðu samráði við hlutadeigandi veitanda stafrænnar þjónustu getur lögbært yfirvald eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi og, eftir því sem við á, yfirvöld eða viðbragðsteymi vegna atvika er varða netöryggi í öðrum hlutadeigandi aðildarríkjum upplýst almenning um einstök atvik eða krafið veitanda stafrænnar þjónustu um það þegar almenningsvitundar er þörf til að koma í veg fyrir atvik eða takast á við yfirstandandi atvik, eða þegar upplýsingagjöf um atvikið er af öðrum ástæðum nauðsynleg í þágu almannahagsmuna.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir til að tilgreina nánar þá þætti sem um getur í 1. mgr. og kennistærðirnar sem taldar eru upp í 4. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. eigi síðar en 9. ágúst 2017.

9. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið og verklag sem á við um tilkynningarskyldu. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

10. Með fyrirvara um 6. mgr. 1. gr. skulu aðildarríki ekki leggja neina frekari öryggis- eða tilkynningarskyldu á veitendur stafrænnar þjónustu.

11. Ákvæði V. kafla skulu ekki gilda um örfyrirtæki og lítil fyrirtæki eins og skilgreint er í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar

17. gr.

**Framkvæmd og fullnusta**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld grípi til aðgerða, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsráðstöfunum eftir á þegar sönnunargögn eru lögð fram fyrir því að veitandi stafrænnar þjónustu uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. Lögbært yfirvald í öðru aðildarríki þar sem þjónustan er veitt getur lagt fram slík sönnunargögn.
2. Að því er varðar 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld hafa nauðsynlegar valdheimildir og úrræði til að krefjast þess að veitendur stafrænnar þjónustu:
  - a) veiti nauðsynlegar upplýsingar til að meta öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra, þ.m.t. skjalfestar öryggisreglur,
  - b) bæti úr öllum tilvikum þar sem kröfur, sem mælt er fyrir um í 16. gr., eru ekki uppfylltar.
3. Lögbært yfirvald aðildarríkis og lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum skulu aðstoða hvert annað og starfa saman þegar nauðsyn krefur, ef veitandi stafrænnar þjónustu hefur höfuðstöðvar sínar eða fulltrúa í einu aðildarríki en net- og upplýsingakerfi hans eru staðsett í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum. Slík aðstoð og samvinna getur falið í sér upplýsingaskipti milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og beiðnir um að gripið sé til eftirlitsráðstafananna sem um getur í 2. mgr.

18. gr.

**Lögsaga og yferráðasvæði**

1. Að því er varðar þessa tilskipun skal veitandi stafrænnar þjónustu teljast heyra undir lögsögu þess aðildarríkis þar sem hann hefur höfuðstöðvar sínar. Veitandi stafrænnar þjónustu skal teljast hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki þegar aðalskrifstofa hans er staðsett í því aðildarríki.
2. Veitandi stafrænnar þjónustu sem er ekki með staðfestu í Sambandinu en býður þjónustu innan Sambandsins eins og um getur í III. viðauka skal tilnefna fulltrúa sinn í Sambandinu. Fulltrúinn skal vera með staðfestu í einu þeirra aðildarríkja þar sem þjónustan er í boði. Veitandi stafrænnar þjónustu skal teljast heyra undir lögsögu þess aðildarríkis þar sem fulltrúinn er með staðfestu.
3. Þó að veitandi stafrænnar þjónustu tilnefni fulltrúa hefur það ekki áhrif á lögsóknir sem hefja mætti gegn veitanda stafrænnar þjónustu sjálfum.

VI. KAFLI

**STÖÐLUN OG VALFRJÁLS TILKYNNING**

19. gr.

**Stöðlun**

1. Til þess að stuðla að samleitni í framkvæmd 1. og 2. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 16. gr. skulu aðildarríki, án þess að kveða á um eða mismuna í þágu notkunar tiltekinnar tækni, hvetja til notkunar á stöðlum og forskriftum sem samþykkt eru í Evrópu eða á alþjóðavettvangi og varða öryggi net- og upplýsingakerfa.
2. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins, í samstarfi við aðildarríki, skal taka saman ráðgjöf og viðmiðunarreglur sem varða þau tæknilegu svið sem þarf að hafa í huga með tilliti til 1. mgr. og sem varða staðla sem þegar eru í gildi, þ.m.t. landsstaðla aðildarríkja, sem gætu gert kleift að ná til þessara sviða.

<sup>(19)</sup> Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

20. gr.

### Valfrjáls tilkynning

1. Aðilar sem hafa ekki verið auðkenndir sem rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og eru ekki veitendur stafrænnar þjónustu geta tilkynnt, af frjálsum vilja og með fyrirvara um 3. gr., um atvik sem hafa umtalsverð áhrif á samfellu þeirrar þjónustu sem þeir veita.
2. Þegar unnið er með tilkynningar skulu aðildarríki fara eftir því verklagi sem sett er fram í 14. gr. Aðildarríki geta sett vinnslu skyldubundinna tilkynninga í forgang fram yfir valfrjálsar tilkynningar. Vinnsla valfrjálsra tilkynninga skal eingöngu fara fram þegar slík vinnsla er ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

Valfrjáls tilkynning skal ekki leggja þá kvöð á aðilann sem sendir tilkynninguna að hann sé bundin skyldum sem hann hefði ekki fallið undir ef hann hefði ekki sent tilkynninguna.

## VII. KAFLI

### LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

#### Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Eigi síðar en 9. maí 2018 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og um þær ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

22. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi net- og upplýsingakerfa. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

23. gr.

#### Endurskoðun

1. Eigi síðar en 9. maí 2019 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, sem metur samræmi í nálgun aðildarríkja að auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.
2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það. Í þeim tilgangi og með það fyrir augum að auka enn frekar samvinnu um stefnuáætlun og aðgerðir skal framkvæmdastjórnin taka tillit til skýrslna samstarfshópsins og nets viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi um reynsluna sem fengist hefur á skipulags- og stjórnunarviði. Við endurskoðun sína skal framkvæmdastjórnin einnig meta skrárnar sem tilgreindar eru í II. og III. viðauka og samræmi í auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu í þeim geirum sem um getur í II. viðauka. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 9. maí 2021.

24. gr.

#### Umbreytingarráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á 25. gr. og með það fyrir augum að veita aðildarríkjum fleiri möguleika fyrir viðeigandi samstarfssamninga á meðan á lögleiðingartíma stendur, skulu samstarfshópurinn og net viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi byrja að sinna þeim verkefnum sem sett eru fram í 3. mgr. 11. gr. annars vegar og 3. mgr. 12. gr. hins vegar eigi síðar en 9. febrúar 2017.
2. Á tímabilinu 9. febrúar 2017 til 9. nóvember 2018 og í þeim tilgangi að stuðla að því að aðildarríki noti samræmda nálgun við auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, skal samstarfshópurinn ræða vinnsluferli, efni og tegund landsráðstafana sem greiða fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu innan tiltekins geira, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr. Samstarfshópurinn skal einnig ræða, að beiðni aðildarríkis, sérstök drög að landsráðstöfunum þess aðildarríkis til að greiða fyrir auðkenningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu innan tiltekins geira í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr.
3. Að því er varðar þessa grein, og eigi síðar en 9. febrúar 2017, skulu aðildarríki tryggja viðeigandi fyrirsvor í samstarfshópnum og í neti viðbragðsteyma vegna atvika er varða netöryggi.

25. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. maí 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.  
Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 10. maí 2018.  
Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í tilskipun þessa eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2016.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

I. KORČOK

*forseti.*



## I. VIÐAUKI

### KRÖFUR OG VERKEFNI VIÐBRAGÐSTEYMA VEGNA ATVIKA ER VARÐA NETÖRYGGI (CSIRTS)

Kröfur og verkefni viðbragðsteypa vegna atvika er varða netöryggi skulu vera fullnægjandi og skýrlega skilgreind og studd með stefnu og/eða lagaákvæðum viðkomandi lands. Til þeirra teljast:

- 1) kröfur fyrir viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi:
  - a) viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu tryggja hátt stig tiltækileika fjarskiptabjónustu sennar með því að forðast að ein bilun skerði þjónustu og það skulu vera ýmsar leiðir til að hafa samband við þau og fyrir þau til að hafa samband við aðra hvenær sem er. Að auki skulu samskiptaleiðirnar vera skýrt tilgreindar og vel þekktar meðal notenda og samstarfsaðila.
  - b) athafnasvæði og stuðningsupplýsingakerfi viðbragðsteypa vegna atvika er varða netöryggi skulu vera staðsett á öruggum stöðum.
  - c) rekstrarsamfella:
    - i) viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu vera búin viðeigandi kerfi til að stjórna og beina beiðnum til að auðvelda yfirfærslu.
    - ii) viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi fjölda starfsmanna til að tryggja að þau séu ávallt tiltæk.
    - iii) viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu treysta á innviði þar sem samfella er tryggð. Í því skyni skulu varakerfi og varavinnurými vera tiltæk.
  - d) viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu hafa möguleika á að taka þátt, þegar þau óska þess, í alþjóðlegum samstarfsnetum.
- 2) Verkefni viðbragðsteypa vegna atvika er varða netöryggi:
  - a) verkefni viðbragðsteypa vegna atvika er varða netöryggi skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
    - i. vöktun atvika á landsstigi,
    - ii. sendingu snemmviðvörðunar, viðvörðunarmerkja, tilkynninga og miðlun upplýsinga til hlutaðeigandi hagsmunaaðila um áhættu og atvik,
    - iii. að bregðast við atvikum,
    - iv. að veita virka greiningu á áhættu og atvikum og næmi á aðstæðum,
    - v. að taka þátt í neti viðbragðsteypa vegna atvika er varða netöryggi.
  - b) Viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi skulu koma á fót samstarfstengslum við einkageirann.
  - c) Til að auðvelda samvinnu skulu viðbragðsteypu vegna atvika er varða netöryggi stuðla að samþykkt og notkun á algengum og stöðluðum starfsvenjum varðandi:
    - i. verklagsreglur um meðhöndlun atvika og áhættu,
    - ii. flokkunarkerfi fyrir atvik, áhættu og upplýsingar.

## II. VIÐAUKI

### TEGUNDIR AÐILA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 4. LIÐ 4. GR.

Geiri	Undirgeiri	Tegund aðila
1. Orka	a) Rafmagn	— Raforkufyrirtæki eins og skilgreint er í 35. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB <sup>(1)</sup> , sem sinna hlutverki „afhendingar“ eins og er skilgreint í 19. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar  — Dreifikerfisstjórar, eins og skilgreint er í 6. lið 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB  — Flutningskerfisstjórar, eins og skilgreint er í 4. lið 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB

Geiri	Undirgeiri	Tegund aðila
	b) Olía	<p>— Rekstraraðilar flutningsleiðslna fyrir olíu</p> <hr/> <p>— Rekstraraðilar olúframleiðslu, olúhreinsunar- og meðhöndlunarstöðva, olúgeymslu og -flutnings</p>
	c) Gas	<p>— Afhendingarfyrirtæki, eins og skilgreint er í 8. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB <sup>(2)</sup></p> <hr/> <p>— Dreifikerfisstjórar, eins og skilgreint er í 6. lið 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB</p> <hr/> <p>— Flutningskerfisstjórar, eins og skilgreint er í 4. lið 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB</p> <hr/> <p>— Geymslakerfisstjórar, eins og skilgreint er í 10. lið 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB</p> <hr/> <p>— Kerfisstjórar fyrir fljótandi jarðgas, eins og skilgreint er í 12. lið 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB</p> <hr/> <p>— Jarðgasfyrirtæki, eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB,</p> <hr/> <p>— Kerfisstjórar hreinsunar- og meðhöndlunarstöðva fyrir jarðgas</p>
2. Flutningar	a) Flutningar í lofti	<p>— Flugrekendur, eins og skilgreint er í 4. lið 3. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (EB) 300/2008 <sup>(3)</sup></p> <hr/> <p>— Framkvæmdastjórnir flugvalla, eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/12/EB <sup>(4)</sup>, flugvellir eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þ.m.t. flugvellir í grunnneti sem skráðir eru í 2. þætti II. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1315/2013 <sup>(5)</sup> og einingar sem starfrækja viðbótarbúnað sem staðsettur er innan flugvalla</p> <hr/> <p>— Kerfisstjórar umferðarstjórnunar sem veita flugstjórnarþjónustu (ATC), eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (EB) 549/2004 <sup>(6)</sup></p>

Geiri	Undirgeiri	Tegund aðila
	b) Járnbrautarflutningar	<p>— Stjórnendur grunnvirkja, eins og skilgreint er í 2. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/EB <sup>(7)</sup></p> <p>— Járnbrautarfyrirtæki, eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2012/34/ESB, þ.m.t. rekstraraðilar þjónustuaðstöðu eins og skilgreint er í 12. lið 3. gr. tilskipunar 2012/34/ESB</p>
	c) Flutningar á sjó og vatnaleiðum	<p>— Fyrirtæki sem sjá um vatna-, millilanda- og strandsiglingar með farþega og vöruflutninga á sjó og vatnaleiðum, eins og skilgreint er fyrir flutninga á sjó í I. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 725/2004 <sup>(8)</sup>, að frátöldum einstökum skipum sem þau fyrirtæki gera út</p> <p>— Hafnarstjórnir, eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB <sup>(9)</sup>, þ.m.t. hafnaraðstöður þeirra eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (EB) 725/2004 og einingar sem annast mannvirki og búnað sem staðsett eru innan hafna</p> <p>— Rekstraraðilar skipaumferðarþjónustna, eins og skilgreint er í o-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB <sup>(10)</sup></p>
	d) Flutningar á vegum	<p>— Vegamálayfirvöld, eins og skilgreint er í 12. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962 <sup>(11)</sup> sem bera ábyrgð á umferðarstjórnun</p> <p>— Rekstraraðilar skynvæðra flutningakerfa, eins og skilgreint er í 1. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB <sup>(12)</sup></p>
3. Bankþjónusta		Lánastofnanir, eins og skilgreint er í 1. lið 4. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) 575/2013 <sup>(13)</sup>
4. Innviðir fjármálamarkaða		<p>— Rekstraraðilar viðskiptavettvangs, eins og skilgreint er í 24. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(14)</sup></p> <p>— Miðlægir mótaðilar (CCPs), eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) 648/2012 <sup>(15)</sup></p>

Geiri	Undirgeiri	Tegund aðila
5. Heilbrigðisgeiri	Vettvangur heilbrigðisþjónustu (þ.m.t. spítalar og einkareknar læknastofur)	Veitendur heilbrigðisþjónustu, eins og skilgreint er í g-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/EB <sup>(16)</sup>
6. Birgðir og dreifing neysluvatns		Birgjar og dreifingaraðilar neysluvatns, eins og skilgreint er í a-lið 1. liðar 2. gr. tilskipunar ráðsins 98/83/EB <sup>(17)</sup> en dreifingaraðilar eru undanskildir þegar dreifing neysluvatns er einungis hluti af almennri starfsemi þeirra sem felur í sér dreifingu annarra verslunarvara og varnings sem telst ekki vera nauðsynleg þjónusta
7. Stafræn grunnvirki		<ul style="list-style-type: none"> <li>— Tenging- og skiptipunktur (IXPs)</li> <li>— Þjónustuveitendur lénsheitakerfis</li> <li>— Skráningarstofur höfuðléna</li> </ul>

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn á sviði raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB (Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/12/EB frá 11. mars 2009 um ókuskirteini (Stjtið. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutningansins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu (Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnarvernd (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 28).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

<sup>(11)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962 frá 18. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 157, 23.6.2015, bls. 21).

<sup>(12)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skyvæðra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

<sup>(14)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(15)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

<sup>(16)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

<sup>(17)</sup> Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

### III. VIÐAUKI

#### TEGUNDIR STAFRÆNNAR ÞJÓNUSTU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 5. LIÐ 4. GR.

1. Netmarkaður.
2. Leitavél á Netinu.

3. Skýjavinnslujónusta.

---

Drög 30.11.2017